


26. febr.-13. mars 1977
Kjarvalsstaðir

Sýning Hringur Jóhannesson





Oliumálverk


- 1 - Ketilspeglun 100x120 sm 1975
- 2 - Neshvammur 37,5x80 sm 1975
- 3 - Við Tjarnarós 38x44,5 sm 1975
- 4 - Spegln 80x100 sm 1976
- 5 - Við Laxá 80x100 sm 1976
- 6 - Vor fyrir norðan 80x100 sm 1975
- 7 - Þvottur Þóreyjar 80x80 sm 1975
- 8 - Opinn gluggi 85x100 sm 1975
- 9 - Myndspeglun 85x100 sm 1975
- 10 - Dagskrárlök 80x100 sm 1974
- 11 - Götuspeglun 80x100 sm 1974
- 12 - Norðvestan 5 80x100 sm 1975
- 13 - Sumarlönn 85x100 sm 1975
- 14 - Hlutverki lokið 80x100 sm 1975
- 15 - Eftir regnið 80x115 sm 1975
- 16 - Tvispeglun 90x120 sm 1975
- 17 - Norður með Geira 100x120 sm 1975
- 18 - Við bakkann 100x120 sm 1975
- 19 - Sumar 41x43 sm 1975
- 20 - Þoka á heiðinni 70x70 sm 1975
- 21 - Sumarfrí 70x70 sm 1974
- 22 - Næturgestur 60x70 sm 1975
- 23 - Himinn og jörð 50x60 sm 1976
- 24 - Morgunn við Meyjarvatn 55x60 sm 1975
- 25 - Hættulegar beygjur 55x65 sm 1975
- 26 - Sunnangola 70x80 sm 1975
- 27 - Við hlöðudyrnar 70x75 sm 1976
- 28 - Eyðibýli 80x80 sm 1976
- 29 - Vetur í portinu 70x95 sm 1976
- 30 - Á öræfum 85x105 sm 1975
- 31 - Hlöðugeisli 85x100 sm 1975
- 32 - Bóndi að austan 85x100 sm 1975
- 33 - Troðist í vagninn 100x100 sm 1976
- 34 - Hlöðuminning 80x100 sm 1976 einkaeign
- 35 - Sólskin 70x90 sm 1976
- 36 - Sumarkvöld 70x100 sm 1976
- 37 - Haustlauf 80x95 sm 1975
- 38 - Í klemmu 75x105 sm 1976
- 39 - Síðsumarslys 80x95 sm 1976
- 40 - Úti á túni 50x60 sm 1975
- 41 - Á floti 80x100 sm 1976
- 42 - Gamli jeppinn 100x100 sm 1976
- 43 - 14.000 fet. hæð 80x100 sm 1976
- 44 - Við veginn 80x100 sm 1976
- 45 - Blöndubotn III 80x100 sm 1976
- 46 - Yfir Faxaflóa 100x100 sm 1976
- 47 - Tæknigin 100x120 sm 1976
- 48 - Mjólkurkælirinn 100x120 sm 1976
- 49 - Ekið gegnum ofnotað mólif 100x120 sm 1976
- 50 - Áburðarpokar 100x120 sm 1976
- 51 - Stör 80x100 sm 1977

Telkningar

- 1 - Við Geldinganes 30x39 sm 1971
- 2 - Úr Botnahrauni 30x37 sm 1972
- 3 - Hrisey 30x39 sm 1967
- 4 - Frá Dalvík 30x39 sm 1965
- 5 - Úr Hliðunum 25x30 sm 1967
- 6 - Vetur við Sjafnargötu 25x30 sm 1972
- 7 - Suður með sjó 25x30 sm 1967
- 8 - Við Sjafnargötu 29x30 sm 1970
- 9 - Við Flugvöllinn 23x33 sm 1967
- 10 - Model 27x34 sm 1970
- 11 - Við Sundahöfn 30x36 sm 1972
- 12 - Séð til Álvers 29x35 sm 1972
- 13 - Úr gamla bænum 23x33 sm 1967
- 14 - Séð til Skerjafjarðar 25x30 sm 1970
- 15 - Við Silfurtún 25x30 sm 1967
- 16 - Keldur á heiðinni 28x31 sm 1962
- 17 - Við höfnina 19x27 sm 1964
- 18 - Frá Dalvík 19x27 sm 1965
- 19 - Vestan af Granda 15x20 sm 1964
- 20 - Laxá í Aðaldal 17x23 sm 1964
- 21 - Við Hafnarfjörð 30x37 sm 1970
- 22 - Við Gufunes 30x36 sm 1972
- 23 - Frá Hafnarfirði 28x35 sm 1974
- 24 - Hundalíf 20x27 sm 1971
- 25 - Frá Ægissiðu 28x35 sm 1976
- 26 - Við Óðinsgötu 28x35 sm 1975
- 27 - Frá Álftanesi 30x39 sm 1974
- 28 - Á öræfum 30x39 sm 1973
- 29 - Við Hafnarfjörð 24x30 sm 1969
- 30 - Grindverk 28x35 sm 1974
- 31 - Úr Aðaldal 29x34 sm 1967
- 32 - Vetur við Sjafnargötu 30x36 sm 1973
- 33 - Frá Dalvík 30x39 sm 1966
- 34 - Vífilfell 30x37 sm 1972
- 35 - Fjölfætla 24x31 sm 1973
- 36 - Við Hafnarfjörð 25x30 sm 1967
- 37 - Innlokun 25x30 sm 1972
- 38 - Sumaréi 25x30 sm 1973
- 39 - Út um afturgluggann 19x27 sm 1963
- 40 - Frá Skógarströnd 19x27 sm 1963
- 41 - Form 18x24 sm 1963
- 42 - Lesið í blaði 23x24 sm 1965
- 43 - Snæfellsjökull 21x28 sm 1961

Um 1950 kom fram ný kynslóð í íslenskri list, skóluð í frönskum og amerískum listaakademíum og opinberaði hún verk sín á hinum árvissu og umdeildu Septembersýningum. Verk þessarar nýju kynslóðar einkenndust að visu af expressjónisma þeim sem sett hafði mark sitt á list næstu kynslóðar á undan, en var þó með óhlutlægarar yfirbragði, undir áhrifum frá Pikassó og hinni seiðmögnuðu Kóbra list sem Svavar Guðnason hafði komið með frá Kaupmannahöfn. Upp úr 1953 fékk þessi nýja íslenska list á sig huglægarar blæ fyrir áhrif geómetriskrar listar frá Frakklandi og um 5–6 ára skeið réði geómetrían lögum og lofum á flestum þeim sýningum sem haldnar voru í Reykjavík. Ef skoðuð eru fæðingarár listamanna, þá tengjast Hringur Jóhannesson, Sverrir Haraldsson og Guðmundur Erró þessari kynslóð (fæddir 1930 og 1932), en þeir fara þó aðrar leiðir, ólíkar um margt, en þó ekki óskyldar. Skyldastir eru þeir Hringur og Sverrir, báðir ljóðrænar raunsæismenn og teiknisnillingar, en þar sem Sverrir tók í fyrstu þátt í geómetríu, beið Hringur 10 ár með að halda sína fyrstu sýningu. Það hefur oftast verið svo í íslenskri list að það eru þorps- og Reykjavíkurbörnir sem farið hafa inn á huglægar brautir, en þeir sem alist hafa upp í sveit hafa sjaldnast viljað skilja við hlutveruleikann. Hringur er fæddur í Aðaldal í Suður-Þingeyjarsýslu og fyrstu kynni hans af list urðu þau að sem fermingardrengur horfði hann stórum augum á Svein Þórarinsson festa landslag í Aðaldal á léreft. Hvort sem þetta var kveikjan að listamanninum í honum eða ekki, þá fékk hann 15 ára að fara til Húsavíkur og læra teikningu hálfan vetur hjá Jóhanni Björnssyni myndskera. Árið 1949 hóf Hringur svo nám við

Handíða- og myndlistaskólann. Þar var Sigurður Sigurðsson aðalkennari hans og árið 1952 útskrifaðist Hringur úr kennaradeild þess skóla með hæstu einkunn. Nú hefði maður haldið að Hringur mundi, eins og Sverrir Haraldsson, hasla sér völl með sýningum og stöðugri listiðkun. En eins og áður var getið, beið hann í 10 ár. Hvað olli? Ekki var það óákveðni eingöngu, því frábær árangur í skóla, svo og forðæmi Sverris, hefði átt að hleypa í Hring kjarki. Höfuðástæðan var einmitt geómetrísku bylgjan og hinn mikli áróður sem listáhugamenn ráku fyrir henni, – svo mjög að menn töldust vart hlutgengir í íslenskri list nema þeir máluðu í þeim stíl, eða þá leituðu til baka í hina expressjónisku landslagshefð Ásgrims og Kjarvals. Hringur hafði ekki geð til hins síðarnefnda, þótt hann kynni vel að meta það sem vel var gert á því sviði, hið fyrra gat hann ekki sætt sig við. Ekki var hann einn um það því skólabróðir hans, Guðmundur Erró, átti í svipaðri innri baráttu á þeim tíma. Ekki var ástæðan fastheldni sveitapiltsins einvörðungu, heldur fannst þeim báðum, Erró og Hringi, að veruleikinn byggji yfir listrænum möguleikum sem ekki hefðu verið nýttir í íslenskri list. Í stað þess að brjótast móti straumnum eða fara úr landi eins og Erró, ákvað Hringur að biða síns tíma og næstu árin vann hann „á vellinum, í brúarvinnu, fiski og hvaðeina“ eins og hann segir í viðtali árið 1961. Afar lítið er því til af verkum frá hendi Hríngs frá þessum árum, 1952–1960, fyrir utan nokkrar myndskreytingar í blöðum. Þær sýna þó hvert hugur listamannsins stefndi, landslag og hús eru stílfærð á ljóðrænan og þokkafullan hátt. Árið 1959 var Hringur sjálfur orðinn kennari við sinn gamla skóla og viðhorf í listum voru hægt að breytast. Hin mikla alda afstraktlistar var nú






Áburðarpokar
Olía 100 x 120 cm. 1976

Hættulegar beygjur
Olía 55 x 65 cm. 1975



í rénun víða í Evrópu og ný hlutlæg list lá í loftinu. Í Englandi og víðar var farið að gæta áhrifa Francis Bacons og upp úr 1961 fór að bera á fyrstu sprotum popplistar, en hún studdist við raunsæi og hlutadýrkun nútímans. Sjálfur hafði Hringur fengið uppörvun við skoðun svarthvitra ljósmynda um það leyti sem hann hóf kennslu, og þá með tilliti til ljóss og skuggadreifingar. Á fyrstu einkasýningu hans árið 1962 mátti síðan sjá ávöxt þeirra rannsókna og þá leið sem listamaðurinn ætlaði sér. Myndirnar voru allar gerðar með kritt, tússi eða blýanti og myndefnið var landslag, hús, uppstillingar og módelteikningar, margt mjög stillfært í anda Sverris Haraldssonar, en Hringur talar af mikilli aðdáun um kritermyndir þær sem Sverrir gerði um 1950. En stillbrögð Sverris voru einungis útgangspunktur fyrir Hring, því brátt fór hann að vikka starfsvið sitt og draga myndefnið saman. Enn um sinn hélt hann sig við svartlistina og virtist sú iðkun honum ekki einungis eðlislæg, heldur vildi hann með henni mótmæla „yfirgangi“ málverksins þótt hann væri þá ekki allsendis ófróður um þá tækni. En afstaða hans átti eftir að breytast og hafði það ekki lítið að segja að Hringur hóf að vinna á leirverkstæði Glits eftir fyrstu sýningu sína, sem skreytingamaður. Það starf hefur vafalaust haft áhrif í þá átt að opna augu hans fyrir möguleikum ýmissa litatóna og liðka myndbyggingu, enda er það um svipað leyti sem Hringur fer að nota litkritt af kappi. Árangur þeirra tilrauna, svo og skreytinganna hjá Glit, kemur síðan berlega fram á næstu sýningu Hrings í Ásmundarsal árið 1964. Þar koma fram sterkari afstraktilbrigði heldur en fyrr og síðar á ferli Hrings, – reyndar eru sumar lágmyndirnar hreinar afstraktmyndir, en þar sem listamaðurinn

leggur út af landslagi, skiptist það í stillfærðar einingar, oft fleyglaga og finlega skyggðar, í jafnvægi kyrrðar og ihugunar. Þessi skygging verður síðan einskonar aðalsmerki Hrings, þýð og sérkennileg fyrir það að listamaðurinn er órvhentur. Í blaðaviðtali vegna þessarar sýningar skýrir Hringur frá markmiði sínu: „Ég er að reyna að..... fjarlægja öll smáatriði, eins og að þjappa skáldsögu saman í smásögu, til þess að fá sterkari og einfaldari áhrif“. Næstu árin vann Hringur áfram hjá Glit samtímis kennslu og liggur m.a. eftir hann veggmynd úr leir í Hótel Holti, en í fristundum beindist athygli hans nær öll að möguleikum málverksins. Útkoman varð sú að þegar hann næst hélt sýningu, árið 1967, samanstóð hún öll af olíumálverkum. Þar beitir Hringur litum sínum á þann nákvæma og innilega hátt sem hann hafði tileinkað sér í kriter- og blýantsmyndum sínum. Fjöll, dalir og húsabyrpingar eru sem fyrr yrkisefni hans, form þeirra renna mjúklega saman og mynda einfalda en blæbrigðaríka heild. Er ég ekki fjarri því að þar komi fram einna skýrast til þessa hinn angurværi blær sem einkennir list Hrings á köflum, – veröld hans er gjarnan mannlau, yfirgefin og eftir eru aðeins ummerkin um viðvist mannanna. En í þessum trega er enginn grátklökkvi, því listamaðurinn uppgötvar í „leifum“ mannsins, hversu einfaldar sem þær eru, samstillta feegurð. Af því sem hér hefur verið tiundað verður ljóst að list Hrings hefur ekki tekið stökkbreytingum, enda eru slíkar rokur fjarri ihugulu eðli hans. Samt er það að eftir sýninguna 1967 dró hægt til tíðinda í listsköpun hans. Popplistin hafði þá gengið yfir alla vesturálfu, hennar gætti mjög á sýningum SÚMara sem Hringur fylgdist með af því opna hugarfari sem ávallt hefur




einkennt hann. Í viðtali 1968 var Hringur inntur eftir því hvort hann væri ánægður með popplistina og svaraði hann: „Að mörgu leyti. Hún opnar marga möguleika til tjáningar“. Ári síðar komu þessir möguleikar fram á sýningu þeirri sem Hringur hélt í Unuhúsi. Eins og áður var getið, gerði popplistin hversdagshluti að yrkisefni, til lofs eða lasts nútíma fjölmiðlamenningu og beitti hún til þess nákvæmu raunsæi. Notuðu popplistarmenn oft samsetningartækni „collage“ myndgerðar, – myndum úr ýmsum áttum var raðað saman á sama fleti, oft án beinnar samsvörunar. Þessi vinnubrögð notfærði Hringur sér, en á ákaflega sjálfstæðan hátt. Þar sem popplistarmenn láta skarpar myndrænar andstæður tala máli sínu og raða þeim saman ókerfisbundið, byggði Hringur upp samloka fleti sem sýndu sama myndefni við mismunandi aðstæður – breytileg sjónhorn, og mismunandi birtustig. Myndefni Hringu voru sem fyrr persónuleg og vinnubrögð hans miðuðust að því að draga fram samlyndi og fegurð þeirra, þannig að listamaðurinn er viðs fjarri hinum gagnrýna og sposka hugsunarhætti popplistarmanna. Þó var eins og Hringur vildi á þessari sýningu leggja ákveðinn efa fyrir áhorfendur: Hvenær sjáum við umhverfi okkar í réttu ljósi? Er ekki eðli þess sem við sjáum sibreytilegt eftir aðstæðum? Eftirtektarvert er að á þessum tíma geymir Hringur hreina „popp“ myndtækni fyrir myndskreytingar í Lesbók Morgunblaðsins (10 og 25 janúar 1970). Síðustu sex ár hefur Hringur enn verið að endurskoða málverk sitt. Samsetningaraðferðinni sleppti hann fljótt eftir sýninguna 1969, en eftir varð raunsæið og aukinn áhugi á þeim handverkum manna sem í kringum okkur


eru, en náttúrumálverk minnka að sama skapi. Máli Hringur eftir náttúrunni, eru skil öll skarpari en fyrr, stórir fletir fá að njóta sín og inn í umfjöllun málarans blandast igrundanir um meðferð mannsins á henni og ábyrgð hans gagnvart henni. Í gljáfægðum bílspegli sjáum við veg vinda sig gegnum mýrar og móa, mjallhvít mjöll er saurguð af förum eftir stórgerð bildekk, rafmagnsstaur speglast í tærri tjörn og andspænis straummikilli flúð trónar voldugt veiðihjól. En málarinn teflir ekki fram þessum andstæðum með beina gagnrýni eða ábendingar í huga heldur eru málverkin spurningar í faguðu myndrænu formi. Þannig byggjast margar áhrifamestu myndir hans upp á allskyns maskinum, - bílum, hraðsuðuköttlum, þvottavélum, heyblásara og herfi, og auðsætt er hve mikla ánægju listamaðurinn hefur af því að kanna formlega samsetningu veiðihjólsins sem nefnt er hér að ofan („Tvíflúð“ 1972). En í höndum Hringu verða þessi tæki beinlínis mannúðlegri, fyrir það að málarinn sér þau í heillegu, ljóðrænu samhengi og bendir á áður óþekktu fegurð þeirra. Hér hefur Hringur Jóhannesson algjöra sérstöðu innan íslenskrar nútímalistar og bendir sýning sú sem nú fer í hönd til þess að hann sé enn að vikka tjáningarsvið sitt án þess að slaka á þeim kröfum sem hann ávallt gerir til sjálfs sín.

Aðalsteinn Ingólfsson

Realism and the meaning of the object

Hringur Jóhannesson (b.1932) studied in the Icelandic College of Art and Crafts from 1949-1952 where he distinguished himself as an





outstanding draughtsman. In 1962 he had his first one-man show and has exhibited regularly in Reykjavik and around Iceland since then. At the beginning of his career he concentrated on chalk and pastel drawings of land and townscapes, producing finely stylized compositions emphasizing gradations of tones. In the mid sixties Hringur branched out into oil painting and later under the influence of Pop Art he began to divide his paintings into compartments, where he examined various aspects of his motifs from different angles under different lighting conditions. Thereafter his paintings became increasingly realistic and the painter began to do close-up studies of his surroundings, natural or man-made, with a fine talent for both colour and drawing. Today Hringur occupies a unique position within Icelandic art. As a lyrical realist he enhances the qualities of everything he paints however insignificant it may have been at the outset.

His paintings are to be found in all public collections of art in Iceland, including the National Gallery and numerous private collections both here and abroad. Hringur's work has also been seen in group shows in Scandinavia, Germany and Scotland.

Realisme og tingenes æstetik.

Hringur Jóhannesson (f. 1932) studerede ved Islands Kunst- og Håndværkerskole fra 1949-1952, hvor han udmærkede sig som en fremragende tegner.

I Året 1962 holdt han sin første separatudstilling og har siden udstillet regelmæssigt i Reykjavik og rundt omkring i Island. I begyndelsen af

sin karriere beskæftigede Hringur sig udelukkende med kridt- og pasteltegninger af landskab og byscener, hvor han, i let stiliserede kompositioner, lagde hovedvægten på en nuanceret toneskala.

I midten af tresserne gik han over til oliemaleriet, og på en udstilling i 1969 kommer popkunstens indflydelse til udtryk, blandt andet ved en fordeling af billedfladen i sektioner. Han undersøger motivets varierende udtryk, ser det fra forskellige og ofte overraskende synsvinkler og under skiftende lysforhold. Efterhånden bliver Hringurs billeder mere og mere realistiske. Han begynder på sine nærbilleder, studier af naturen og tingenes verden, hvor han trækker et stykke af omverdenen frem, som set gennem en tele-linse. Her kommer hans talent for tegning og fin farvebehandling til fuld udfoldelse. I dag indtager Hringur en særstilling indenfor islandsk kunst. Som lyrisk realist giver han i sine malerier selv det mest hverdagsagtige motiv en ny og højere værdi.

Hans billeder findes i alle offentlige kunstsamlinger i Island, deriblandt på Islands Kunstmuseum, samt i forskellige privatsamlinger, både i Island og i udlandet.

Hringur har også deltaget i kollektive udstillinger i de nordiske lande, Tyskland og Skotland.

Ljósmyndun: Leifur Þorsteinsson
Texti: Aðalsteinn Ingólfsson
Hönnun: Fanney Valgarðsdóttir
AUGLÝSINGASTOFAN HF.
Gísli B. Björnsson
Prentun: LITBRÁ-offset

Listferill

Hringur Jóhannesson frá Haga f. 21. 12. 1932.
Nám: Handíða- og myndlistaskólinn
1949–1952, teiknikennarapróf.

Einkasýningar og samsýningar.

1962

Fyrsta sjálfstæða sýning í Bogasal Þjóðminjasafnsins, aðallega teikningar.

1963

Haustsýning F.Í.M. Listamannaskálanum og samsýning í Húsgagnaverslun Reykjavíkur að Brautarholti 2.

1964

Sýning í Ásmundarsal, aðallega oliupastelmyndir, þátttaka í Listahátíð, Listasafni Íslands.

1965

Þátttaka í keramikksýningu í Washington og Haustsýningu F.Í.M. Listamannaskálanum.

1966

Sýning í Barnaskóla Húsavíkur. Haustsýning F.Í.M. Listamannaskálanum og sýning á keramikmyndum í Húsgagnaverslun Reykjavíkur að Brautarholti 2 ásamt Þorbjörgu Höskuldsdóttur.

1967

Sýning í Bogasal Þjóðminjasafnsins, olíumálverk, þátttaka í Biennalínum í Rostock, íslenskri listsýningu í Edinborg í The New 57 Gallery og Haustsýningu F.Í.M. Listamannaskálanum.

1968

Sýning í Landsbankasalnum, Akureyri.

1969

Sýning í Unuhúsi, olíumálverk. Þátttaka í sýningu í Hæsselby-slott í Svíþjóð (Nutida nordisk konst), sýningu í Hlíðskjálfi (myndir úr Listasafni A.S.Í. o.fl.), Listkynningu M.F.Í.K. að Hallveigarstöðum og Haustsýningu F.Í.M. lðnskólanum.

1970

Sýning í Barnaskóla Dalvíkur.
Þátttaka í Listahátíð í Myndlistarhúsinu
á Miklatúni.

1971

Sýning í Bogasal Þjóðminjasafnsins,
olíumálverk; sýning í Unuhúsi á teikningum
við Eyrbyggju.
Þátttaka í smáhlutasýningu SÚM og sýningunni
Nutida Íslensk konst, Hasselby-höll, Svíþjóð.

1972

Þátttaka í SÚM-sýningu í Den frie í Kaupmanna-
höfn, Norðurlandasýningu á Listahátíð í
Myndlistarhúsinu á Miklatúni og sýningunni
Vinnan í Listasafni A.S.Í.

1973

Sýning í Norræna húsinu, olíumálverk og
teikningar. Þátttaka í sýningu í Listasafni
Íslands til styrktar Vestmannaeyingum,
sýningunni List um landið í umsjá Eyborgar
Guðmundsdóttur á Blönduósi, Sauðárkróki,
Selfossi og Húsavík, sýningunni List um landið
á Ísafirði á vegum Myndhöggvarafélagsins,
Haustsýningu F.Í.M. í Myndlistarhúsinu á
Miklatúni og samsýningu í Gallery SÚM.

1974

Þátttaka í samsýningu á myndum úr eigu Reykja-
víkurborgar að Kjarvalsstöðum, sýningunni H:O
Íslensk kunst 1974 í Nikolajkirkju í Kaupmanna-
höfn (fór einnig til Svíþjóðar og Finnlands),
Listahátíð (Íslensk myndlist í 1100 ár að Kjarvals-
stöðum), 1100 ára hátíð að Laugum í Reykjadal
og Haustsýningu F.Í.M. að Kjarvalsstöðum.

1975

Sýning í Bogasal Þjóðminjasafnsins, olíupastel-
myndir; sýning í Menntaskólanum í Hamrahlið;

sýning í Borgarspítalanum; sýning í Bókasafn-
inu, Ísafirði. Þátttaka í Bergen-sýningunni
(18 Íslenska billedkunstnere) sem einnig var
sýnd í Svíþjóð og Finnlandi, Haust 1975 á
Akureyri og Haustsýningu F.Í.M. í Norræna
húsinu.

1976

Þátttaka í Íslensk poplist í Listasafni Íslands,
Listavöku á Grenivík, Húsavík og Sauðárkróki
og farandsýningunni Öga mot öga í Stokkhólmi
í nóvember, sem fer síðan áfram til annarra
höfuðborga Norðurlanda.

1977

Sýning að Kjarvalsstöðum, olíumálverk og
teikningar.

Helstu veggskreytingar.

Hótel Holt, Reykjavík.
Gagnfræðaskóli Húsavíkur.
Kaupfélag Héraðsbúa, Egilsstöðum.

Helstu myndskreytingar.

Harmsögur og hetjudáðir.
Eyrbyggja saga.
Laxdæla saga (ásamt fleirum).
Vísur Æra-Tobba.
Iceland Review o.fl.

Keramíkmálun í Glit 1962-1966.
Myndlistargagnrýnandi Vísir 1971-1972.

Verk á Listasafni Íslands, Listasafni A.S.Í., safni
Reykjavíkurborgar, Kópavogs, Borgarness,
Akureyrar og víðar á einkasófnum.

Kennari við Myndlista- og handiðaskóla Íslands
1959-1962. Kennari við Myndlistarskólann
í Reykjavík, Ásmundarsal, síðan 1962.